

Minnispunktur - Fundur almannavarnanefndar Vesturlands

Fundartími: 12. maí 2021 kl. 14:00.

Fundarstaður: Fjarfundur á Teams.

Staðgengill lögreglustjóra á Vesturlandi boðaði til fundarins, f.h. lögreglustjóra, 12. febrúar 2021 kl. 12:06.

Mætt eru:

Af hálfu lögreglustjórans á Vesturlandi:	Ásmundur Kr. Ásmundsson aðstoðaryfirlögregluþjónn Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari Gunnar Örn Jónsson lögreglustjóri Jón Haukur Hauksson staðgengill lögreglustjóra
Af hálfu Hvalfjarðarsveitar:	Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri
Af hálfu Akraneskaupstaðar:	Sævar Þráinsson bæjarstjóri
Af hálfu Skorradalshrepps:	Árni Hjörleifsson oddviti
Af hálfu Borgarbyggðar:	Þórdís Sigurðardóttir
Af hálfu Eyja- og Miklaholtshrepps:	
Af hálfu Snæfellsbæjar:	
Af hálfu Grundarfjarðarbæjar:	Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.
Af hálfu Helgafellssveitar:	
Af hálfu Stykkishólmsbæjar:	Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri
Af hálfu Dalabyggðar:	Kristján Sturluson sveitarstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar:	Jens Heiðar Ragnarsson slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Borgarbyggðar:	Bjarni Kr. Þorsteinsson slökkviliðsstjóri og Heiðar Örn Jónsson varaslökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Dalabyggðar:	Ívar Örn Þórðarson, slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Grundarfjarðarbæjar:	Valgeir Þór Magnússon, slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Snæfellsbæjar:	Svanur Tómasson, slökkviliðsstjóri
Af hálfu Brunavarna Stykkishólms og nágrennis	Einar Þór Strand slökkviliðsstjóri
Af hálfu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi:	ekki boðað

Gunnar Örn setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Til fundarins var boðað til að fara yfir stöðu mála vegna hættu á gróðureldum á Vesturlandi.

Emil fór yfir helstu liði. Búið er að lýsa yfir hættuástandi vegna hættu á gróðureldum og virkja viðbragðsáætlun vegna hættu á gróðureldum í Skorradal. Búið að funda með slökkvistjórum, HVE, RKÍ, Veðurstofu, Skógrækt og AVD. Verið að safna nánari upplýsingum um bjargir og viðbúnað.

Bjarni slökkvistjóri sagði frá aðgerðum og undirbúningi slökkviliðs Borgarbyggðar. Búið m.a. að hafa samband við eigendur haugsuga. Búið að færa tvo báta björgunarsveita í Skorradal.

Heiðar Örn varaslökkvistjóri sagði að óskað hefði verið eftir að bátar á svæðinu yrðu færðir nær Skorradalssvatni, hafa bakvakt um helgina

Jens Heiðar slökkvistjóri sagðist nýkominn úr eftirliti í Svínadal og Hvalfjarðarströnd, mjög þurrt, eru í viðbragðsstöðu, hafa bakvakt um helgina.

Ívar slökkvistjóri sagði verið að safna upplýsingum um staðsetningu haugsuga.

Einar Strand slökkvistjóri sagði þá vera í viðbragðsstöðu.

Valgeir slökkvistjóri sagði litlu við að bæta, eru í viðbragðsstöðu. Mjög þurrt.

Svanur slökkviliðsstjóri sagði litlu við að bæta, veit um tvær haugsugur vera til reiðu á hans svæði.

Sævar bæjarstjóri sagðist ekki hafa neinu við að bæta.

Linda Björk sveitarstjóri sagðist í góðu sambandi við slökkvistjóra og tengiliði í sumar-bústaðasvæðunum. Lagði til að haft yrði samband við félög sumarbústaðaeigenda til að brýna fólk til varúðar. Bað um að fá send gögn og upplýsingar ef eitthvað nýtt kæmi upp. Spurði um SMS sendingar. Emil svaraði að AVD væri að fínþússa texta sem er sendur sjálf-virkt þegar fólk kemur inn á svæðið.

Þórdís velti upp hvort staða vatnsbóla væri orðin lág og hvort rigning væri væntanleg. Emil svaraði að rigning væri lítil væntanlega. Bjarni Kr. bætti við að lítil rigning væri ekki nægileg og væri ekki líkleg til að breyta neinu.

Kristján sveitarstjóri hefur ekki neinu að bæta við.

Jakob bæjarstjóri hefur ekki neinu að bæta við

Björg bæjarstjóri spurði um væntanlega rigningu. Emil svaraði að veðurfræðingar nefndu 2-4 vikur þar til nægileg rigning væri væntanleg.

Björg bæjarstjóri vísað til viðbragðsáætlunar fyrir Skorradal og bað um leiðbeiningar að hvaða leyti mætti nota hana til undirbúnings annars staðar.

Björg bæjarstjóri spurði um skjólu fyrir þylu. Heiðar Örn útskýrði að verið væri að leigja skjólu fyrir LHG en óvíst hvenær hún kemur til landsins.

Björg bæjarstjóri spurði hvernig sveitarfélögin gætu tekið meiri þátt í að dreifa upplýsingum um varúð og hvernig mætti koma beinskeyttum upplýsingum til skila. Emil svaraði að Facebook og Skessuhorn og almannavarnir.is hafi verið notuð. Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur gert skilti til að setja upp. Skógrækt ríkisins er að setja upp skilti í Skorradal. Heiðar Örn nefndi að Slökkvilið Borgarbyggðar hafi sett inn upplýsingar á Facebooksíðu sína og þar eru leiðbeiningar um hvaða aðgerðir beri að forðast.

Einar Strand slökkvistjóri sagði nauðsynlegt að ræða búnaðarmál innan sveitarfélaganna því annan búnað þurfi til að kljást við gróðurelda en eld í mannvirkjum.

Bjarni Kr. slökkvistjóri vísaði til reynslu af Mýraeldum þar sem glímt var við gróðurelda með verkfærum sem höfðu ekki verið hugsuð fyrir það. Núna þyrfti að bæta við búnað, m.a. skjólu fyrir þylu, klæðnað fyrir slökkviliðsmenn o.fl.

Sævar Freyr bæjarstjóri sagði ákall slökkvistjóra um m.a. búnaðarmál eigi að taka alvarlega og þyrfti að skoða m.a. við yfirstandandi viðræður milli Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðar-sveitar og Borgarbyggðar um brunamál. Hugsanlega þurfi að ræða þetta innan SSV og beita þrýstingi á stjórnmalamenn.

Björg bæjarstjóri tók undir orð Sævars Freys bæjarstjóra um að taka þetta upp innan SSV.

Einar Strand slökkvistjóri sagði þurfa að hugsa skjólukaup í stærra samhengi og þylur þyrftu að geta aðstoðað bæði á t.d. Suðurlandi og Vesturlandi á sama tíma.

Þórdís sveitarstjóri tók undir með Sævar Frey og Björgu um að sveitarfélögin beittu sér innan SSV um að skjólur væru keyptar.

Gunnar Örn lögreglustjóri sagði kostnað við skjólukaup geta verið allt að 70 mkr. og þyrfti undirbúning. Hann varpaði því einnig til bæjar- og sveitarstjóra að huga að búnaðarmálum slökkviliðsmanna og horfa fram í tímann um þessi málefni.

Árni oddviti kom inn á fundinn. Telur fólk meðvitað um hættuna. Er sáttur við þann undir-búning sem farið hefur fram.

Fundi slitið kl. 14:47